

Mál nr. 205/2006

**G
og X hf.vegna A
og
Z hf. vegna B**

Árekstur á Þorragötu 1. október 2006.

Gögn.

1. Málskot mótt ekið 16. október 2006 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A ók norður Þorragötu með fyrirhugaða akstursstefnu áfram til norðurs inn á bifreiðaplan við flugfraktina. Hann sagðist hafa stöðvað við gatnamót útaksturs frá bifreiðaplani flugstöðvarinnar, séð til ferða B á leið vestur og taldi að ökumaðurinn myndi stöðva þar sem B ók eftir bifreiðaplani. Ökumaður A ók því af stað til norðurs en þá hafi ökumaður B aukið ökuhraðann og inn í hlið A. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki séð til A fyrr en í þann mund sem óhappið varð.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að biðskylda er á umferð úr þremur áttum á þeim stað er óhappið varð. Ökumaður A stöðvaði á gatnamótunum, sá til B en taldi að hann myndi virða biðskyldu, sem hann garði ekki. Ekki verður annað sýnt en að ökumaður A hafi sýnt þá aðgát sem ætlast mátti til af honum miðað við aðstæður. Af framburði ökumanns B er ljóst að hann sá ekki A fyrr enn rétt fyrir áreksturinn og gerði enga tilraun til að hægja á sér eða stöðva við biðskylduna.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík, 15. nóvember 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.